

Til Atvinnuveganefndar Alþingis.

Varðandi: Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða
(veiðistjórn grásleppu)

Bátafélagið Ægir telur að veiðistýring á grásleppu eigi að vera eins og í öðrum tegundum innan fiskveiðistjórnunarkerfisins, þ.e. setja hana í aflamark, og þar með hætta þeim ólympísku veiðum sem stundaðar eru í dag. Til að ná fram því markmiði telur félagið skynsamlegt að breyta ákvæðum laga og reglugerða sem um hrognkelsaveiðar gilda þannig að heimilt verði að svæðisbinda aflahlutdeild hrognkelsa og setja skipum aflahlutdeild með tilliti til aflareynslu viðkomandi skips. Mikilvægt er að tryggja í hinu nýja fyrirkomulagi eðlilega nýliðun í greininni og telur félagið að hugmyndir um nýliðapott sé vænleg leið til þess að styðja við það markmið.

Það er mat Bátafélagsins Ægis að veiðistýring með aflamarki sé eina leiðin til að tryggja stöðuleika, fyrirsjáanleika í afkomu við veiðarnar og eyða þeirri óvissu sem fylgt hefur veiðunum undafarin ár. Án þessara breytinga vita sjómenn í raun ekki að hverju er gengið hverju sinni, ekki einu sinni við upphaf vertíðar.

Nauðsynlegt sé að skapa greininni stöðuleika og nauðsynlegan fyrirsjáanleika sem eru grundvallarþættir í öllum rekstri.

Veiðitímabil grásleppu er mismunandi eftir svæðum og hefst það seinni hluta mars fyrir Norðurlandi en ekki fyrr en um 20. maí við innanverðan Breiðafjörð. Vorið 2020 var búið að veiða leyfilegt magn í lok apríl.

Endurspegladist vel á því ári hversu núverandi fyrirkomulag skerðir mjög samkeppnisstöðu greinarinnar þar sem hallar mjög á sjómenn við Breiðafjörð og ýtir undir ómálefnalega mismunun milli svæða.

Núverandi fyrirkomulag veiðistjórnunar með sóknarmarki, þar sem dagafjöldi og/eða stöðvun veiða þegar afli er kominn yfir ráðlagðan hámarksafla samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar, er ekki til þess fallin að tryggja samfélagslega, líffræðilega eða efnahagslega sjálfbærni þegar til framtíðar er litið. Það hefur sýnt sig að slík stjórnun er auk þess hamlandi fyrir frekari nýsköpun og nýliðun í greininni. Vel á annað hundrað bátar hafa hætt veiðum á grásleppu á síðustu árum. Um 166 bátar stunduðu veiðar á síðasta ári, af þeim 449 bátum sem rétt hafa haft til grásleppuveiða frá árinu 1997. Bátafélagið Ægir telur að það liggi ljóst fyrir að hlutdeildarsetning hrognkelsveiða muni koma til með að efla grásleppuútgerðir og á sama tíma þær byggðir landsins sem þessar veiðar stunda og tryggja efnahagslega, samfélagslega og líffræðilega sjálfbærni í sem mestri sátt við umhverfið.

Bátafélagið Ægir telur að veiðistjórn sem felst í hlutdeildarsetningu tryggi ábyrgari fiskveiðistjórn, hættuminni sjósókn, betri nýtingu veiðafæra og að veiðar falli betur að umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiðum. Umgengni um auðlindina mun batna til muna með hlutdeildasetningu, m.a. draga úr olíunotkun, fækka netum í sjó og þar með tjónum á netum og minna verður um óæskilegan meðafla.

Fyrir hönd Bátafélagsins Ægirs í Stykkishólmi.

Pröstur Ingi Auðunsson formaður

Páll F. Aðalsteinsson

Valentínus Guðnason